

# Lög

## um breyting á lögum um kjararáð, nr. 47/2006, með síðari breytingum.

---

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Verkefni kjararáðs er að ákveða laun og starfskjör þjóðkjörinna manna, dómara, ráðherra, ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra í Stjórnarráði Íslands, forstöðumanna ríkisstofnana og annarra ríkisstarfsmanna sem svo er háttað um að þau geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 13. desember 2007.*